



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Stoppað í götin


Fjármögnun vegakerfisins


**Skattadagurinn 2023**

**Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir**

Hagfræðingur á Efnahags- og samkeppnishæfnisviði SA










42.951 km<sup>2</sup>



77.910 km<sup>2</sup>









## Vegakerfið leikur lykilhlutverk í íslenskum efnahag

Um vegi landsins ferðast vara og þjónusta sem stendur undir gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins



**Vegakerfið skapar verðmæti**

Skapar ýmsum fyrirtækjum  
rekstrargrundvöll

Tryggir dreifingu á vöru og  
þjónustu um landið allt

Kemur ferðalöngum áleiðis  
á áfangastað

Skapar ríkinu tekjur í formi  
skatta



# 1.000 ma.kr. bundnir í 26.000 km löngu vegakerfi



130-180 ma.kr.

12.900 km



880 ma.kr.

12.800 km






## Verðmæti sem þarf að viðhalda, bæta og breyta

Útgjöld ríkissjóðs til vegasamgangna hafa aukist jafnt og þétt síðastliðinn áratug

## Rúmlega 20 milljarða aukning til vegasamgangna á áratug

Útgjöld ríkisins til vegasamgangna á verðlagi ársins 2021 (ma.kr)





## Þó verðmætin séu mikil og útgjöldin líka hefur vegakerfið mátt muna fífil sinn fegri

Hver sá sem nýlega hefur keyrt um spanna íslenska vegakerfið hefur varla farið varhluta af ástandi þess

### Vegir á Vestfjörðum þoldu ekki þíðuna í síðustu viku

Kristján Már Unnarsson skrifar · 11. febrúar 2020 09:15



Frá Bildudalsvegi í innanverðum Tálknafirði. Bílarnir þurfa að læðast yfir holurnar í slitlaginu.

INNLENT

### Sigurður Ingi: „Vegakerfið er víða laskað“



Baldur Guðmundsson  
baldurg@frettabladid.is

Sigurður Ingi bendir á að um 70% af sköttum á eldsney

### Lenda í holum en fá engar bætur



Holan sem Kári lenti í á Myrargötu í Reykjavík. ljósmynd/Kári Þór Rúnarsson




Í hvað fara peningarnir?



## Þjóðvegir


Kílómetrar






## Þjóðvegir

Kílómetrar



## Fjöldi skráðra ökutækja

Bílar og vélhjól





## Hverjar eru afleiðingar þess að bílum hefur fjölgað?



Meiri notkun, umferð og slit á vegum

---




Aukin svifryksmengun

---



Meiri viðhaldspörf

---



Meiri þörf á fjárfestingu í innviðum



## Hverjar eru afleiðingar þess að bílum hefur fjölgað?




Meiri notkun, umferð og slit á vegum



Aukin svifryksmengun



Meiri viðhaldspörf



Meiri þörf á fjárfestingu í innviðum

**Og allt veldur  
þetta auknum  
kostnaði...**




## Þó mörgum milljörðum sé varið í kerfið árlega hefur viðhald og endurnýjun verið ábótavant

Betur má ef duga skal

### Kostnaður við að koma vegakerfinu í viðunandi ástand nemur hátt í 200 ma.kr.

Uppsöfnuð viðhaldspörf í vegakerfinu (ma.kr.)



Heimild: Samtök iðnaðarins

### Ekki útlit fyrir að ástand vegakerfisins komi til með að skána

- Ekki hefur tekist að sinna viðhaldi og endurnýjun nægilega vel **Reglubundið viðhald er talið kosta um 15 ma.kr. á ári hverju**
- Skv. samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 munu aðeins 11 ma.kr. á ári fara í viðhald á þjóðvegakerfinu **Vantar því 4 ma.kr. upp á ár hvert í viðhald**
- Þörf fyrir nýfjárfestingu er hér ótalin





## Varast ber innviðaskuldir jafnt sem hefðbundna skuldasöfnun

Fjárfesting í innviðum leggur grunn að hagvexti framtíðarinnar

### Fjárfesting í innviðum...

- 1 Eykur samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarbúsins
  - 2 Skilar sér í aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyrstekjum
  - 3 Myndar grunn að vaxandi framtíðar skatttekjum ríkissjóðs
  - 4 Dregur úr kostnaði og sóuðum tíma og fjölgar störfum
  - 5 Eykur framleiðni sem skapar skilyrði fyrir lægra vaxtastígs, minna atvinnuleysi, o.fl.
- ➔ Ef viðhaldi og uppbyggingu er ekki sinnt kemur það niður á verðmætasköpun

**Kostnaðarsamt getur orðið að slá innviða-fjárfestingu á frest!**



**En hvaðan koma peningarnir?**



## Í þá gömlu góðu...

Fyrir gildistöku laga um opinber fjármál árið 2016 var mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar ætlað að fjármagna vegaáætlun ríkisins, ásamt fjárframlögum úr ríkissjóði.

### Til ársins 2016 voru markaðar tekjur Vegagerðarinnar


- Sérstakt bensíngjald
- Olífugjald
- Kílómetragjald
- Vitagjald

Markaðar tekjur dugðu þó í reynd skammt.

Meðgjöf ríkissjóðs var töluverð.

## Meðgjöf ríkisins hefur lengi verið töluverð

Ma.kr. á verðlagi ársins 2021




Heimild: Hagstofa Íslands, Ríkisreikningar \*Vitagjald undanskilið



## Hvaðan koma peningarnir í ríkiskassann?

Hlutfallsleg skipting skatttekna ríkissjóðs eftir uppruna árið 2021



Heimild: Hagstofa Íslands

## Pólitísk fyrirheit í stað markaðra tekna

Með lögum um opinber fjármál lögðust markaðir tekjustofnar af...

...innheimtu þeirra var þó ekki hætt, í stað þess að renna beint til ákveðinna stofnana eða verkefna, **renna þeir nú beint í ríkissjóð.**

Í tilfelli vegakerfisins hafa **óljósar pólitískar yfirlýsingar tekið við af mörkuðum tekjustofnum** – skattar og gjöld af ökutækjum eiga að standa undir vegakerfinu.

**Ljóst er að hinn almenni skattgreiðandi stendur á bak við viðhald og uppbyggingu vegakerfisins óháð notkun á kerfinu.**



## Eigendur og notendur ökutækja greiða hina ýmsu skatta og gjöld sem renna í hítina

Það er ekki hlaupið að því að setja fingur á hversu miklar tekjur koma í kassann af virðisaukaskatti tengdum ökutækjum

### Eldsneytisgjöld

- Almennt vörugjald af bensíni
- Sérstakt vörugjald af bensíni
- Olíugjald
- Kolefnisgjald



### Gjöld af ökutækjum

- Vörugjald af ökutækjum
- Bifreiðagjald
- Kílómetragjald



### Virðisaukaskattur

- Á ökutæki
- Á eldsneyti
- O.fl.






## Beinar tekjur af ökutækjasköttum hafa ekki aukist að raunvirði síðastliðinn áratug

Mestar urðu tekjurnar í kringum 50 ma.kr. árin 2017 og 2018

## Á sama tíma og útgjöld til vegasamgangna hafa aukist hafa tekjur staðið í stað

Tekjur af sköttum og gjöldum á ökutæki, að VSK undanskildum, á verðlagi ársins 2021 (ma.kr.)






## Tekjur á hverja bifreið hafa aftur á móti dregist saman

Gatið sem stjórnámálamönnum er tíðrætt um að stoppa þurfi í blasir hér við!

## Tekjur af hverjum bíl hafa minnkað um nærri 30% síðastliðinn áratug

Heildartekjur af sköttum og gjöldum á ökutæki á hverja skráða bifreið, á föstu verðlagi ársins 2021 (vísitala = 100 árið 2011)





## Skattstofnarnir eiga það raunar sameiginlegt að byggja á **grænum** sjónarmiðum

**Vörugjöld af bensíni** eru föst krónutala af hverjum lítra

**Bifreiðagjald** miðast við skráða losun koltvísýrings ökutækis

**Vörugjald af ökutækjum** miðast við skráða losun koltvísýrings ökutækis

**Olíugjald** er föst krónutala af hverjum lítra

**Kílómetragjald** er föst krónutala fyrir hvern ekinn kílómetra eftir heildarþyngd ökutækis

**Kolefnisgjald** er föst krónutala af hverjum lítra







## Skattstofnarnir eiga það raunar sameiginlegt að byggja á grænum sjónarmiðum

Innheimta þeirra hvetur til umhverfisvænni hegðunar og þannig minni skatttekna fyrir ríkissjóð þegar fram líða stundir

**Vörugjöld af bensíni** eru föst krónutala af hverjum lítra

↓ Minni eyðsla = ↓ Minni skatttekjur

**Bifreiðagjald** miðast við skráða losun koltvísýrings ökutækis

↓ Minni losun = ↓ Minni skatttekjur

**Vörugjald af ökutækjum** miðast við skráða losun koltvísýrings ökutækis

↓ Minni losun = ↓ Minni skatttekjur

**Olíugjald** er föst krónutala af hverjum lítra

↓ Minni eyðsla = ↓ Minni skatttekjur

**Kílómetragjald** er föst krónutala fyrir hvern ekinn kílómetra eftir heildarþyngd ökutækis

↓ Minni keyrsla = ↓ Minni skatttekjur

**Kolefnisgjald** er föst krónutala af hverjum lítra

↓ Minni eyðsla = ↓ Minni skatttekjur






## Fyrir áratug voru nær allir bílar bensín eða dísel og eyddu mun meiru en nýir bílar í dag

Afleiðingin felur í sér lægri skatttekjur af ökutækjum, að óbreyttu...


### Rafbílum fjölgar sífelld í umferðinni

Hlutfall skráðra ökutækja eftir orkugjafa




### Bílar hafa orðið æ sparneytnari

Eyðsla ökutækja eftir orkugjafa (þús. tonn)






## Engin nýlunda að ógjörningur sé að treysta á græna skatta til fjármögnunar





## Málefnaleg rök fyrir því að taka fjármögnun vegakerfisins til gagngerrar endurskoðunar






**Hvaðan eiga peningarnir að koma?**




## Eðlileg og sanngjörn krafa að sá borgi sem notar

Gleymum því jafnframt ekki að vegakerfið skapar verðmæti sem allir landsmenn njóta góðs af jafnvel þó þeir séu ekki beinir notendur af vegakerfinu.

**Notendum vegakerfisins hefur fjölgað verulega síðastliðinn áratug og eru þeir jafn ólíkir og þeir eru margir.**



**Svo markmið Íslands um að vera í fremstu röð með trausta og örugga innviði geti náðst kann að þurfa að hugsa fjármögnun vegakerfisins upp á nýtt.**



**Verkefnið er ekki einfalt og kallar á að hugsað sé út fyrir boxið**

**Rukka má fyrir notkun með margvíslegum hætti...**

- Kílómetragjald
- Árgjald / Vignette-kerfi
- Tollahlið
- Flýtigjöld, o.fl.


**og er ákvörðun þess efnis pólitískt úrlausnarefni.**



## Ef hækka á skatta á ökutæki þarf að mæta þeirri hækkun með lækkun á öðrum sköttum

### Ekki er svigrúm til þess að auka skattheimtu

Skatttekjur % VLF árið 2021 eða nýjasta gildi, leiðrétt fyrir greiðslu almannatrygginga



Heimild: OECD og útreikningar SA

Danmörk: Greiðsla almannatrygginga fer beint í gegnum skattkerfið og því ekki unnt að leiðrétta svo samanburðarhæft sé




## Huga þarf að samkeppnishæfni atvinnulífsins

Skattar og gjöld hér á landi sem eru meira íþyngjandi en í okkar helstu samanburðarlöndum koma niður á samkeppnishæfni atvinnulífsins og takmarka þannig mögulegan lífskjaravöxt framtíðarinnar


Hvaða þættir hafa áhrif  
á samkeppnishæfni  
íslenskra fyrirtækja?



Skattlagning



Regluverk



Kaup og kjör



Aðgengi að  
mörkuðum



Aðrir þættir

- ↑ Aukin skattheimta af ökutækjum kallar t.d. á...
- ↓ Lækkun tryggingagjalds
- ↓ Lækkun fjármagnstekjuskatts
- ↓ Lækkun tekjuskatts





**Fjölbreytt og ábyrgt atvinnulíf**  
*- sem bætir kjör allra -*